


Fundargerð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Sampykkt: SJ		
Síða 1-	Fundargerð	

Tegund fundar: Skólanefndarfundur

Fundarritari: Helga Jóhannsdóttir

Dagsetning: 21.9.2022

Fundarstjóri: Steinn Jóhannsson

Tími: kl. 16:20

Mætt:

Fundinn sátu:

Helga Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Haukur Sverrisson (Formaður skólanefndar), Steinn Jóhannsson, Hugrún R Hólmgeirsdóttir (fulltrúi kennara), Margrét M. Norðdahl, Gylfi Guðmundsson (foreldrafélagi). Rúna Guðmundsdóttir (varafulltrúi kennara), Eyþór Laxdal Arnalds, Hrefna Tryggvadóttir forseti NFMH, Einar Örn Ævarsson

Tilefni:

Fundur nr. 3
2022

Forföll Magnea Gná Jóhannsdóttir

Dagskráin er eftirfarandi:

- Upphaf skólaársins og skólastarf á haustönn
- Ytri úttekt 5.-6. október
- Sjálfsmatsskýrsla 2021-2022
- Önnur mál

Fundargerð:

Fundur settur 17:40.

Farið yfir upphaf skólaársins.

Nýnemar: 248, Innritaðir: 48, eldri nemar: 596, óreglulegir 62, útskriftarefni 81

Skólinn fer vel af stað og mikið líf í skólanum. Sjö nýir starfsmenn (fjórir að leysa aðra af í leyfum).


Hrefna sagði frá viðburðum í NFMH. Nýnemavika, nýnemaferð (rúmlega 200 nemendur) . Mikið líf á göngum og í Norðurkjallara. Nýnemaballsliðið frumsamið, krapvél og stemmning, Ball á morgun. Foreldrafélagið styrkti myndbandabúa um myndavél.

Spurt um varðveislu ganga frá NFMH – varðveislu myndbanda og mynda – mætti taka þetta lengra og skoða varðveislu gagna á rafrænu formi – heyra í skjalastjóra um þetta. (Málið er komið inn á borð skjalastjóra)

Kórinn – 80 nemendur í kórnum og fer allt vel af stað. Hátt í 90 spreyttu sig á inntökuprófum fyrir kórinn og rúmlega 40 nýir samþykktir inn. Kórstjóri er í 70% starfi við skólann. Huldur er kór sem útskrifaðir nemendur geta tekið þátt í og Hreiðar stjórna einnig.

- Spurning hvort að hægt sé að gera eitthvað til að koma til móts við nemendur sem vilja vera í kór en komast ekki inn.

Listnámsbrautir fá meira fjárframlag en bóknámsbrautir – spurning um sóknarfæri þar.

Fundargerð	Menntaskólinn við Hamrahlíð	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	Fundargerð	
Samþykkt: SJ		
Síða 2-		

Niðurskurður í fjárlögum til okkar hvað varðar ársnemendur, þ.e. 30 færri ársnemendur en erum á pari á milli ára í rekstrinum.

Umræða um þriggja ára nám og fjögurra ára nám og hver hvatinn sé fyrir námshraða hvers og eins.

Spurt um þátttöku nemenda á fjölnámsbraut í félagslífi. Einhver þeirra komu í nýnema ferðina og allir eru hvattir til að taka þátt. Fjölnámsbrautin er stór núna, 19 nemendur og gott utanumhald þar að hálfu kennara. Félagslífið sérstaklega kynnt af stjórn NFMH fyrir nemendur á fjölnámsbraut.

Ytri úttekt

Ytri úttekt mun fara fram 5. og 6. október og munu um 50 manns taka þátt í verkefninu. Formaður skólanefndar tekur fund með nefndinni og fulltrúi foreldra í skólanefnd.

Mikil gagnavinnsla og tölfræði verið skoðuð og upplýsingar gerðar sýnilegri t.d. á heimasíðunni.

Rektor hefur safnað upplýsingum frá fimm háskólum um í hvaða skóla nemendur okkar fara. Sálfræði vinsælasta grein MH-inga í háskóla.

Sjálfsmatskýrslan

Sjálfsmatskýrslan skoðuð – og fundarfólki bent á að skoða hana á heimasíðunni

<https://www.mh.is/is/skolinn/skolinn-og-starfid/sjalfsmat-og-uttekir/sjalfsmatsskyrslur>

Önnur mál :

Rætt um ferla í brotamálum sem geta komið upp í skólum.

Lífsleikni nýnema fær heimsóknir frá starfsfólki og utanaðkomandi aðilum og í næstu viku kemur fólk frá KVAN.

Formaður foreldrafélagsins hefur verið í samtali við kennara og sálfræðinginn um ýmislegt tengt geðrækt og ítrekar að nemendur geta sótt um styrki til að kaupa það sem félagið vantar og nýtist öllum nemendum. Geðlestin kemur í heimsókn til nýnema í lífsleikni 23. september.

Margir áfangar eru kenndir í MH sem eru ekki kenndir annarsstaðar og eigum við að vera stolt af því og auglýsa vel.

Næsti fundur miðvikudaginn 16. nóvember 2022

Við viljum benda fundarfólki á að Strætó númer:13 stoppar í Hamrahlíð, 1-3-6 stoppar við Miklabraut/Hlíðar, 1-4 stoppar við Kringlumýrarbraut, 2 – 14 við Borgarleikhúsið, 57 við Kringlumýrarbraut/Miklabraut/Hlíðar, 18 Bústaðaveg